

SIÐA- OG STARFSREGLUR STJÓRNAR UN WOMEN Á ÍSLANDI

1. gr. ALMENNT

Siða- og starfsreglur þessar gilda um stjórnarfolk UN Women Ísland.

Allt stjórnarfolk skal fá eintak af starfsreglum þessum þegar þau taka sæti í stjórn í fyrsta sinn, ásamt því að fá eintak af samþykktum UN Women á Íslandi.

2. gr. STJÓRNUN FÉLAGSINS

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda.

A. FORMAÐUR STJÓRNAR

Formaður stjórnar kemur fram út á við fyrir hönd stjórnarinnar, þ.m.t. gagnvart framkvæmdastjóra/stýru, nema stjórn félagsins ákveði annað og að því marki sem framkvæmdastjóra/stýru er ekki falið það hlutverk. Ef öðrum meðlimum stjórnar er falið sérstaklega að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar eða stjórnarinnar skulu allir stjórnarmenn ákveða slíkt í sameiningu og skal slík ákvörðun bókuð.

Formaður skal gæta þess að stjórn gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti.

Helstu skyldur formanns eru þessar:

- a) Meginábyrgð á verklagi stjórnar og að sjá til þess að stjórn fái sinnt stefnumótunarhlutverki sínu og áætlanagerð með virkum hætti sem og að stjórnarmenn séu vel upplýstir um mikilvæg málefni sem félaginu tengjast og eru til meðferðar hjá stjórn.
- b) Sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins m.a. um stefnu þess, markmið, áhættuþætti og rekstur.
- c) Stuðla að því að stjórnin uppfæri, með reglubundnum hætti, þekkingu sína á félaginu og rekstri þess, ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
- d) Hvetja til virkra skoðanaskipta innan stjórnar sem og á milli stjórnar og stjórnenda félagsins.
- e) Hafa frumkvæði að gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar.
- f) Boðun stjórnarfunda með dagskrá, í samstarfi við framkvæmdastjóra/stýru.
- g) Tryggja að nægur tími gefist til umræðna og ákvarðanatöku á stjórnarfundum, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
- h) Fundarstjórn á stjórnarfundum.
- i) Fylgja eftir ákvörðunum stjórnar.

Stjórnarformaður tekur ekki að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

Geti formaður ekki sinnt starfsskyldum sínum sökum forfalla kemur varaformaður í hans stað.

Að frátöldum þeim sérstöku skyldum og réttindum, sem fylgja stöðu formanns, hafa allir stjórnarmenn sama rétt, skyldur og ábyrgð.

B. STJÓRNIN

Stjórn skal beita sér fyrir því að stofnunin sé rekin á faglegan og hagkvæman máta og að farið sé með eignir hennar þannig að hagsmunir núverandi og síðari styrkþega séu hafðir að leiðarljósi.

Stjórnarfolk skal, undir forystu stjórnarformanns og með aðstoð annarra sérfræðinga, tryggja að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglur og skulu þeir hafa yfirsýn yfir fjármál stofnunarinnar. Stjórnarfolk skal að auki gæta þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglur og ávallt leitast við að stofnunin starfi í samræmi við góða starfshætti góðgerðarsamtaka.

Stjórn skal vera ábyrg fyrir ákvörðunum stjórnarinnar, starfsemi hennar og starfsemi UN Women á Íslandi gagnvart almenningi sem og öðrum.

Stjórnarfolk skal leggja sig fram um að taka sameiginlegar ákvarðanir innan stjórnar og bera sameiginlega ábyrgð á ákvörðunum stjórnarinnar.

Stjórnarfolk skal starfa af heilindum og skynsemi fyrir UN Women Ísland og skal ef þess gerist þörf þiggja og afla sér sérfræðiráðgjafar um hvaðeina sem viðkomandi hefur ekki sérfræðiþekkingu á í störfum sínum fyrir stofnunina.

Ákvarðanir og stefnumál sem samþykkt eru á stjórnarfundum skulu vera svo skýr að framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem og öðru starfsfólki megi vera efnisinnihald þeirra ljóst. Leiðbeinandi tilmæli til framkvæmdastjóra/stýru og annars starfsfólks skulu koma frá stjórninni í heild.

Stjórn verður, undir forystu stjórnarformanns, að móta og endurskoða reglulega framtíðarsýn stofnunarinnar, gildi og markmið, sem og stefnu til að framfylgja þeim.

Stjórn skal kynna sér og halda við þekkingu sinni á stofnskrá stofnunarinnar og þeim reglum sem stofnunin starfar eftir. Breytingar sem leitast er við að gera á reglum stofnunarinnar skulu vera í samræmi við lög og stofnskrá stofnunarinnar.

Stjórnarfolk sem er valið vegna starfa sinna fyrir hóp, stofnun eða fyrirtæki, skal við stjórnarstörf sín eingöngu starfa í þágu UN Women Ísland en ekki þess hóps eða fyrirtækis sem hann tengist.

Stjórn skal hvorki beint né óbeint, nema sérstaklega sé heimilað, hagnast fjárhagslega af stjórnarsetu í UN Women Ísland. Sama skal gilda um vini stjórnarfólks og vandamenn. Stjórnarfolk skal ekki nota stöðu sína sem stjórnarfolk UN Women Ísland til framdráttar persónu sinni. Stjórnarfolk skal samhliða stjórnarsetu sinni ekki vera í framboði til kosninga fyrir sig persónulega eða fyrir stjórnmalahreyfingu. Leiki vafi á hæfi stjórnarfólks skal um það fjallað á stjórnarfundum og viðkomandi stjórnarmaður skal víkja af fundi meðan fjallað er um málið.

Stjórnarfolk skal reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Komi slíkir hagsmunaárekstrar upp skal stjórnarmaður umsvifalaust upplýsa stjórnina og sitja hjá við umfjöllun og ákvörðunartöku um það tiltekna málefni. Allar ákvarðanir sem teknar eru sem leiða beint eða óbeint til fjárhagslegs ávinnings stjórnarmanna skulu eiga sér stoð í og njóta heimildar í reglum stofnunarinnar.

Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins og stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra/stýru.

Stjórn skal leitast við að tryggja að skilvirkt, áreiðanlegt og traust samstarf eigi sér stað á milli stjórnar, framkvæmdastjóra/stýru, sem og annarra stjórnenda.

Stjórnarfolk skal gæta þess að háttsemi viðkomandi skaði á engan hátt eða grafi undan orðstír stofnunarinnar og/eða starfsfólki hennar og skal ekki taka þátt í neinni starfsemi sem stríðir gegn markmiðum stofnunarinnar eða gæti skaðað orðstír hennar. Einstakir stjórnarmenn, sem og stjórnin í heild, skal gæta þess að grafa ekki, með orðum eða gjörðum, undan trausti eða virðingu framkvæmdastjóra/stýru stofnunarinnar.

Stjórn skal sjá til þess að ekki sé vafi á umfangi heimilda framkvæmdastjóra/stýru stofnunarinnar.

Stjórnarfolk eru bundið þagnarskyldu um þær trúnaðarupplýsingar sem fram koma á stjórnarfundum, nema reglur stofnunarinnar kveði á um annað. Þagnarskyldan fellur ekki niður þrátt fyrir að stjórnarfolk láti af störfum.

Stjórnarmanneskju er skylt, að ósk stjórnarinnar, að gera viðhlítandi grein fyrir máli sínu ef upp kemur tilvik um meint brot gegn reglum þessum eða ágreiningur um skilning á reglum þessum kemur upp. Ber stjórnarmanneskju í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar. Ef tilvik kemur upp sem að mati meirihluta stjórnar er gróft brot á reglum þessum getur stjórnin ályktað að stjórnarmaður skuli víkja frá störfum sínum fyrir stofnunina þar til niðurstaða um brotið fæst.

C. FRAMKVÆMDASTJÓRI/STÝRA

Stjórn ræður framkvæmdastjóra/stýru, gengur frá starfslýsingu og veitir lausn frá störfum. Stjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra/stýru og gera ráðningarsamning sem stjórn staðfestir.

Til hvers kyns ráðstafana sem fela í sér ráðstöfun verðmæta umfram 10 milljónir króna, sem og annarra ákvarðana sem geta talist óvenjulegar eða þýðingarmiklar fyrir stofnunina, þarf atbeina stjórnar, enda feli slíkar ráðstafanir ekki í sér að verið sé að framfylgja þegar teknum ákvörðunum stjórnar. Ekki þarf að sækja sérstakar heimildir til framkvæmdar á því sem ákveðið hefur verið í áætlun stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri/stýra hefur heimild til að taka bindandi ákvarðanir sem varða stefnu félagsins, svo sem að skrifa undir ályktanir, umsagnir um lagafrumvörp, stuðningsyfirlýsingar, samstarf og þess háttar, enda samræmist það gildum og stefnu félagsins.

Framkvæmdastjóri/stýra skal gæta þess að halda stjórn upplýstri um stefnumarkandi ákvarðanir og ályktanir.

Framkvæmdastjóri/stýra skal sjá um að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti.

3.gr. FUNDARBOÐUN OG EFNI STJÓRNARFUNDA

Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir níu sinnum á ári. Formaður boðar til stjórnarfundna eða framkvæmdastjóri/stýra með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Boðunarfrestur má þó vera skemmri ef nauðsyn er á skjótri ákvörðun stjórnar.

Fyrir þriðja fund stjórnar á hverju starfsári skal kynnt áætlun um stjórnarfundum ársins.

Framkvæmdastjóri/stýra á rétt á að sitja stjórnarfundum og hefur þar umræðu- og tillögurétt, þótt ekki sé stjórnarmaður, nema stjórnin ákveði annað í einstökum tilvikum. Formaður stjórnar getur ákveðið að aðrir starfsmenn félagsins, endurskoðandi eða aðrir aðilar sitji stjórnarfund meðan tiltekið málefni er til umfjöllunar. Endurskoðanda er rétt og skylt að sitja stjórnarfundum þegar yfirferð ársreiknings eða árshlutareiknings er á dagskrá og skal formaður stjórnar boða hann. Gera skal endurskoðanda grein fyrir þessari skyldu sinni þegar gengið er frá samningi um störf hans fyrir félagið.

Á reglulegum stjórnarfundum fer framkvæmdastjóri/stýra yfir fjárhagsupplýsingar liðins mánaðar sem lagðar skulu fyrir stjórn og fylgja fundargögnum.

Stefna skal að því að senda dagskrá og fundargögn með minnst 2 daga fyrirvara.

Færa skal allar ákvarðanir stjórnar og efni stjórnarfundna í fundargerðarbók. Stjórnarmenn skiptast á að rita fundargerð að frátöldum formanni.